



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins varðandi heimsóknir heilbrigðiseftirlits til dagforeldra sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 8. desember 2020

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að bilið milli heimsókna heilbrigðiseftirlitsins til dagforeldra sem starfa tveir saman verði annað hvort lengt eða að kostnaður við heimsóknir sem eru um 60 þúsund krónur verði annað hvort felldur niður eða lækkaður umtalsvert í því millibilsástandi sem nú ríkir. Dagforeldrar berjast í bökkum um þessar mundir. Starfsöryggi þeirra er í uppnámi og ekki hefur verið komið nægjanlega á mótis við stéttina á meðan verkefnið Brúum bilið er í vinnslu og nú þegar COVID er í algleymingi. Fulltrúi Flokks fólksins hefur viljað sjá átak gert til að styrkja stéttina t.d. með því að veita stofnstyrki og/eða aðstöðustyrki. Taka þarf betur utan um þessa stétt. Ekkert okkar vill vera án dagforeldra. Dagforeldrar eru um þessar mundir að finna fyrir nokkurri uppgjöf því svo virðist sem allt sé fellt sem þeir biðja um.